



## Fundargerð

**Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 163. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í Urriðaholtsstræti 6-8 og fjarfundi, mánudaginn 11. október 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar,  
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,  
Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,  
Jóhann F. Þórhallsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshrepps,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,  
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Gestir:

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri öryggis- og skipulagsmála,  
Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Fjarverandi / boðuð forföll / í leyfi:

Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps.  
Hákon Ásgeirsson, varamaður varaformanns stjórnar.

#### 1. Svæðisráð suðursvæðis - 98 - 2109004F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 99 - 2109006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 3. Svæðisráð suðursvæðis - 100 - 2109010F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 4. Svæðisráð vestursvæðis - 97 - 2109001F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

**5. Rekstur 2021 - 2101030**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála varðandi rekstur þjóðgarðsins tímabilið janúar til og með ágúst.

**Gestir**

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - 13:30

*Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri stofnunarinnar eftir fyrstu átta mánuði ársins 2021. Staðan varðandi útgjöld er í góðu samræmi við rekstraráætlun ársins 2021 en sértekjur eru nokkuð undir markmiðum ársins.*

**6. Rekstraráætlun 2022 - 2108087**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um yfirstandandi vinnu við gerð rekstraáætlunar fyrir rekstrarárið 2022.

**Gestir**

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulspjóðgarðs - 13:40

*Fjármálastjóri kynnti stöðuna í vinnu við gerð rekstraráætlunar ársins 2022. Fjárlagafrumvarp ársins 2022 hefur ekki verið lagt fram á Alþingi en það er grundvöllur rekstraráætlunar hvers árs.*

**7. Stjórnunar- og verndaráætlun 3. útgáfa - Umsagnarferli - 2105079**

Verkefnastjóri skipulags- og öryggismála kynni stöðu mála vegna úrvinnslu umsagna.

**Gestir**

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, skipulags- og öryggisfulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs - 14:45

*Verkefnisstjóri skipulags- og öryggismála kynnti hver staða vinnunnar er við að vinna úr umsögnum sem bárust við tillögu að endurskoðun Stjórnunar- og verndaráætlunar (3. útgáfa).*

**8. Verkefni stjórnar veturinn 2021 - 2022 - 2108019**

Fyrir fundinum lá minnisblað frá formanni stjórnar um næstu skref - til umræðu.

*Stjórn samþykkti tillögu formanns um að þjóðgarðurinn, í samvinnu við Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og hugsanlega fleiri aðila, hafi frumkvæði að því að skipuleggja málþing um víðerni.*

**9. Tillögur að stækkun Vatnajökulspjóðgarðs - 2110002**

**Gestir**

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 15:00

*Umræður um stækkanir þjóðgarðsins í gegnum tíðina.*

**10. Starfsreglur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs - 2018-0001**

Fyrir fundinum lá minnisblað frá formanni stjórnar um verkferla og fræðslu ? til umræðu.

**Gestir**

Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur Vatnajökulspjóðgarðs - 00:00

*Frestað*

**11. Fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs - 2022 - 2109080**

Fyrir fundinum lágu drög að fundaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

*Frestað*

**12. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu mál frá síðasta stjórnarfundi.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.  
Fundi slitið kl. 17:00.